

## Reglur um veitingu viðurkenninga til starfsmanna Háskólans á Akureyri

Samþykktar í háskólaráði 13. apríl 2011

Háskólinn á Akureyri vill með hvatakerfi umbuna starfsmönnum sem sýna afburða frammistöðu í starfi sem eykur gæði náms og kennslu við háskólann. Liður í því er að á háskólahátíð í júní ár hvert veiti háskólaráð sérstaka viðurkenningu fyrir gæðaumbætur eða framúrskarandi árangur í starfi til deildar, námsbrautar, starfseiningar eða einstakra starfsmanna. Annað hvert ár er veitt viðurkenning fyrir afburða frammistöðu í starfi sem eykur gæði náms og kennslu, til að mynda hvernig kennara tekst að samþætta kennslu og rannsóknir. Hitt árið er veitt viðurkenning vegna gæðaumbóta eða framúrskarandi árangurs á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum.

Viðurkenningin er fjárframlag allt að kr. 500.000.- sem færist á rekstrarreikning starfseiningar/eininga viðkomandi starfsmanns/manna. Fjárframlaginu skal í öllum tilvikum varið til beinna hagsbóta fyrir þá sem viðurkenninguna hlutu og koma til viðbótar við almennan rétt þeirra. Fjárframlaginu ber því að ráðstafa í samráði við þann/þá sem viðurkenninguna hlaut/hlutu s.s. til greiðslu ferðakostnaðar vegna ráðstefnu- eða kynnisferða, sem launauppbót eða sem framlag á rannsóknareikninga þeirra.

### Viðurkenningarnefnd

Á vegum háskólaráðs starfar viðurkenningarnefnd sem hefur umsjón með vali þess/þeirra sem viðurkenninguna hljóta hverju sinni. Í nefndinni sitja varaforseti háskólaráðs sem jafnframt er formaður, fulltrúi menntamálaráðherra og fulltrúi nemenda í háskólaráði.

Annað hvert ár óskar nefndin eftir sameiginlegum tillögum frá kennslusviði og FSHA vegna gæðaumbóta eða framúrskarandi árangurs í kennslu og hitt árið óskar nefndin eftir sameiginlegum tillögum frá gæðaráði og FSHA vegna gæðaumbóta eða framúrskarandi árangurs á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum. Skila skal þremur tillögum til nefndarinnar.

Tilnefningum skal fylgja rökstudd greinargerð útfrá þeim forsendum sem liggja til grundvallar viðurkenningunni og staðfesting þess að þeir sem tilnefndir eru samþykki það. Þeim sem tilnefna er heimilt að leita út fyrir sinn hóp eftir tillögum.

Tilnefningum ber að skila til rektors fyrir 15. apríl ár hvert og skal viðurkenningarnefndin ljúka starfi sínu eigi síðar en 1. júní sama ár.

Greinargerð viðurkenningarnefndar fylgir viðurkenningunni ásamt viðurkenningarskjali.



Stefán B. Sigurðsson, rektor